

Fötluð börn verða fullorðin, hvað bíður þeirra í atvinnumálum?

Soffía Gísladóttir

**Formaður Samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks
Forstöðumaður VMST á Norðurlandi eystra og Austurlandi**



- » Félagsmálastjóri Þingeyinga þegar við tókum yfir málaflokk fatlaðs fólks með þjónustusamningi við Félagsmálaráðuneytið 1997
- » Frumkvöðull og ein af stofnendum Starfsendurhæfingar Norðurlands
- » Forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra frá upphafi kreppu og forstöðumaður Vinnumálastofnunar Austurlands frá 2010
- » Mikil áhugamanneskja um virkni, vinnu og vellíðan einstaklinga



- » Framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks var ekki frágengin þegar yfirfærslan átti sér stað í ársbyrjun 2011.
- » Samkvæmt 25. laga nr. 152/2010 skal Vinnumálstofnun annast framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og kostnaður greiðist úr ríkissjóði.
- » Með bráðbirgðaákvæði var gildistöku frestað, sú frestun hefur verið framlengd og er nú að ljúka.



Starfshópur um framtíðarskipulag atvinnumála fatlaðs fólks

- » Starfshópurinn var skipaður strax á árinu 2011.
- » Hlutverk hans var: Að fara yfir og skilgreina hvað teldist vera atvinnutengd endurhæfing einstakra hópa í skilningi laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, í samræmi við athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 152/2010, um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.
- » Álit starfshópsins liggur fyrir í drögum, en hann komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu.
- » Atvinnumálin hafa verið í pattstöðu. Annar hópur er að vinna að miðlunartillögu.



- » Að aðgengi að öllum atvinnutengdum úrræðum sé á sama stað, óháð því af hvaða ástæðum fólk þarf á þeim að halda. Úrræðin séu óháð landamærum sveitarfélaga.
- » Að tilfærsla starfsfólks milli vinnuveitenda verði eins lítil og mögulegt er.
- » Að tilfærslu fjármuna frá sveitarfélögum til ríkis verði haldið í lágmarki.




- » Litið verði á atvinnu- og hæfingartengda þjónustubætti sem eina heild og framkvæmd þeirra verði skilgreind sem vinnumarkaðsúræði.
- » Í ljósi þess að vinnumarkaðsaðgerðir eru á verksviði Vinnumálastofnunar, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir, félli það í hlut Vinnumálastofnunar að taka við öllum umsóknum.
- » Teymi sérfræðinga Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga meti færni einstaklinga og beini þeim á þær brautir sem best hentar hverjum og einum eftir því sem kostur væri hverju sinni.
- » Þar á meðal væru umsóknir um hæfingu og iðju, vinnustaði, starfsþjálfun, atvinnu með stuðningi og aðra atvinnutengda endurhæfingu.



- » Framkvæmd þjónustunnar verði skipt
- » Vinnumálastofnun fái tilvísanir / umsóknir inn um almenna gátt. Þar munu þverfagleg teymi vísa einstaklingum í vinnumarkaðsúrræði. Vinnumarkaðsúrræði s.s. starfsþjálfun, reynsluráðning ásamt AMS verði á hendi Vinnumálastofnunar.
- » Sveitarfélög starfræki þau vinnumarkaðsúrræði sem nú þegar eru á þeirra hendi þ.e. starfrækslu "blandaðra" vinnustaða iðju, hæfingar og verndaðrar vinnu.
- » Samkomulag verði gert um nánari útfærslu á lagalegum, faglegum og fjárhagslegum þáttum tillögunnar. Aðilar - Vinnumálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytið, innanríkisráðuneytið fyrir hönd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og velferðarráðuneytið.





- » Tillögurnar hafa verið kynntar félags- og húsnæðismálaráðherra og sérfræðingum innan velferðarráðuneytisins.
- » Tillögurnar voru unnar í samstarfi Vinnumálastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- » Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks hefur fengið kynningu á tillögunum.
- » Tillögurnar hafa hvarvetna fengið jákvæðar undirtektir.



Vinnusaga einstaklinga



Margvísleg tækifæri í verndaðri vinnu og hæfingu



Margvísleg tækifæri á almennum vinnumarkaði



Samvinna
Traust
Þverfagleg vinna
Virðing

